

SKIPULAGSSKRÁ fyrir Verðlauna- og styrkjasjóð á sviði læknisfræði.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Verðlaunasjóður í læknisfræði“.
Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru læknarnir:
Árni Kristinsson, kt. 180235-7369, Kaplaskjólsvégi 52 í Reykjavík og Þórður Harðarson,
kt. 140340-4649, Hellulandi 10 í Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita verðlaun og/eða styrki til rannsókna og framþróunar í læknisfræði á Íslandi.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa hverju sinni þrjú einstaklingar. Við skipti á stjórnarmönnum skulu sitjandi stjórnarmenn ákveða nýjan aðila í stjórn. Formaður stjórnar skal kjörinn af stjórn sjóðsins.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 700.000 og má ekki skerða það.

6. gr.

Tekjur sjóðsins eru arður af stofnfé og frjáls framlög, hverju nafni sem nefnast.

7. gr.

Stjórn sjóðsins tekur ákvörðun um ávöxtun hans og á hvern hátt fé sjóðsins skuli varið innan þess ramma sem 3. gr. skipulagsskrárinnar segir til um.

8. gr.

Sjóðsstjórn skal halda fundagerðarbók um ákvarðanir sínar og um hvaðeina er varðar rekstur sjóðsins. Einfaldur meirihluti stjórnar ræður ákvörðunum, sbr. þó ákvæði 11. greinar stofnskrárinnar.

9. gr.

Stjórnunarkostnaður greiðist af tekjum sjóðsins.

10. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Reikningsskilum skal lokið fyrir 30. júní næsta ár á eftir reikningsári. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

11. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta, ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna. Slíkar breytingar skulu hljóta samþykki dómsmálaráðuneytis. Engin breyting á

skipulagsskránni fær þó gildi, nema stjórnin sé einhuga um hana. Aldrei má breyta ákvæðum 3. gr. um tilgang sjóðsins né heldur ákvæðum 12. gr. um ráðstöfun á eignum við sjóðsslit.

12. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður, skulu eignir hans renna til tækjakaupa fyrir Landspítala - háskólasjúkrahús samkvæmt ákvörðun stjórnarnefndar spítalans.

13. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytisins á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 17. desember 2003.

F. h. r.

Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.